



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudaginn 2. mars 2020



## Tíundi fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, mánudaginn 2. mars 2020 kl.12.00.

Mættir voru: Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Arnar Þorkelsson og Kristín Þórðardóttir

Fjarverandi: Engin

### Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Uppgjör á EM 2020 og almenn fyrirferð  
RG kynnti kostnað vegna EM og almenna stöðu fjármála.
3. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra
  - a. Bréf á afrekssjóð  
RG og GBO kynntu efni bréfs sem sent var á afrekssjóð vegna úthlutunarinnar 2020.
  - b. Bikarúrslit  
RG kynnti dagskrá bikarúrslitanna.
  - c. Landsliðsmál karla og kvenna  
GBO kynnti stöðu mála varðandi karlalandsliðið í handbolta. Þá fór RG aðeins fyrir stöðu varðandi kvennalandsliðið.
  - d. Niðurstöður formannafundar HSÍ  
GBO og RG fóru yfir formannafund HSÍ sem fram fór í sl. viku.
    - i. Breyting á reglugerð um dómaramál  
Heimild verður sett í reglugerð um notkun á varadómara á leikjum. Þá verður einnig skylda fyrir dómara til að nota talstöðvar í dómgæslu í úrvalsdeild karla og kvenna ásamt bikarkeppni frá og með 16 liða úrslitum.
    - ii. Greiðslur til eftirlitsmanna og dómara  
HSÍ mun taka yfir greiðslur til eftirlitsmanna og dómara frá og með tímabilinu 2020-2021 og munu félögin greiða inn í sjóð til að mæta þeim kostnaði. Fyrsti gjalddagi verður 1.maí og mun HSÍ semja reglur um þetta.
    - iii. Lokahóf HSÍ  
Félögin vildu ekki halda áfram að halda lokahóf eins og gert hefur verið undanfarin ár. Stefnt er að því að halda lokahátíð í samráði við Seinni Bylgjuna.
    - iv. Skipting ferðakostnaðar í bikarkeppni m.flokks  
Það voru skiptar skoðanir á hvaða leið á að fara. Tillaga HSÍ verður að það verði ekki tekjuskipting en það verður kostnaðarskipting með hámarki. Laganefnd er falið að koma með útfærslu á reglunni.
    - v. Mótamál m.flokka – U lið og samþjöppun leikmanna  
Engin niðurstaða varð á formannafundinum varðandi regluna en stjórn HSÍ mun koma með tillögu af hraðahindrunum varðandi U lið. Skoðað verður að setja hámark á aðkomuleikmenn í U lið og fjölda þeirra sem mega leika úr aðalliði í U lið. Laganefnd vinnur að hugmynd.



#### 4. Yfirferð á lögum og reglugerðum

Fara þarf yfir lög og reglugerðir sambandsins, sér í lagi lög, reglugerð um agamál og handknattleiksmót. Málínu er vísað til laganefndar.

#### 5. Starfsmannamál HSÍ

Auglýst verður eftir mótastjóra á næstu dögum og munu RG og DBG sjá um ráðningarferlið.

#### 6. Ársþing HSÍ

Ársþing HSÍ verður 25.apríl nk. Boðun ársþings fer fram í vikunni.

#### 7. Önnur mál

- a. Varðandi hótelmálið í Makedóníu þá er það niðurstaða stjórnar að málinu sé lokið en HSÍ mun áfram berjast fyrir breytingu á reglum.
- b. Erindi barst frá starfshópi um þjóðarleikvanga um lámarskröfur leikvanga. Málinu verður vísað til mannvirkjanefndar og tekið fyrir þar.
- c. Erindi var vísað inn til aganefndar varðandi veðmál og en ekki var talið að málið var sannað. Ákveðið er að færa veðmál frá aganefnd yfir til stjórnar og dómstóls. Laganefnd er falið málið.
- d. Hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins fór fram um helgina og gekk vel. Auglýsingaefni verður unnið eftir helgina og kynnt.
- e. Útskrift frá Master Coach fór fram sl. laugardag og gekk frábærlega. 23 aðilar voru útskrifaðir og sérstök ánægja var að í hópnum voru 2 konur.
- f. Varðandi bikarúrslit HSÍ og Covid 19 veiruna þá er skrifstofa HSÍ í sambandi við sóttvarnarlækni og verður staðan metin frá degi til dags.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 1. apríl kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari